

Mál nr. 325/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (A)

Vinnuslys þegar starfsmaður kemmdist við notkun lyftara 19.06. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.11. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína hjá A. Hann var ásamt samstarfsmanni að tæma sekki ofan í járnsló. Samstarfsmaðurinn stýrði lyftara vegna þessa. M mun hafa staðið við lyftarann. Þegar hann var að tæma tóman sekk af göfflum lyftarans var þeim lyft þannig að M klemmdist.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Hann beri sjálfur ábyrgð á óhappi þessu með gáleysislegri umgengni.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til aðgæsluleysis stjórnanda lyftarans og M. Það var óvartlegt af stjórnanda lyftarans að ganga ekki úr skugga um að það væri öruggt að færa gafla lyftarans án hættu fyrir aðra starfsmenn. Að sama skapi gætti M ekki þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var. Rétt þykir að M beri 1/3 hluta tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi sem nemur 2/3 en M ber sjálfur 1/3.

Reykjavík 30. nóvember 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.